



## Fundargerð

34. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2016-2018, var haldinn í A-fundarsal ÍSí fimmtudaginn 15. mars 2018.

Mætt: Freyr Ólafsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Fríða Rún Þórðardóttir, Eiríkur Mörk Valsson, Gunnar Svavarsson og Helga Guðný Elíasdóttir verkefnastjóri FRÍ. Forföll: Lóa Björk Hallsdóttir.

Formaður setti fund kl. 17:20 og bauð fundarmenn velkomna.

1. **Boðun fundar og rafrænt afgreidd mál**  
Fundarboðun staðfest sem lögmæt. Engin rafænt samþykkt mál milli funda.
2. **Yfirferð reikninga 2016 og 2017 og undirritun**  
Stjórn staðfesti fram lagða ársreikninga með undirritun.
3. **Fjárhagsáætlun 2018-2019**  
Stjórn staðfesti áætlun, sem nú þegar liggur fyrir sem þingskjal.
4. **Tillaga orðunefndar um heiðranir á 61. Frjálsíþróttapingi**  
Stjórn ræddi um tillögu orðunefndar að heiðursviðurkenningum á 61. Frjálsíþróttapingi. Tillagan samþykkt með lítilsháttar breytingum.
5. **Starfsmannamál**  
Ráðinn hefur verið nýr verkefnastjóri FRÍ, Magnea Dröfn Hlynsdóttir. Magnea Dröfn mætir til tímabundinna starfa á 61. Frjálsíþróttaping en endanlega að lokinni kennslu í Þingeyjarsveit.
6. **Tillögur stjórnar á 61. Frjálsíþróttapingi**  
Stjórn ræddi tillögur sem liggja fyrir Frjálsíþróttapingi
7. **Annar undirbúningur fyrir 61. Frjálsíþróttaping**
  - **Fyrirkomulag þings**  
Rætt var um leiðir til að auka skilvirkni á þingi. Samþykkt verklag sem rætt verður við þingforseta sem byggir á að kynning og allar umræður um tillögur fari fram í nefndum.
  - **Verkaskipting á þingi**  
Stjórn samþykkti tillögu að skipan í nefndir þings. Formanni falið að staðfesta við nefndarfólk.
  - **Skýrsla stjórnar**  
Skýrsla stjórnar er í vinnslu. Enn á eftir að setja inn starfsskýrslu stjórnar FRÍ, myndir, Íslandsmet 2016 og 2017 og ársreikninga.
  - **Þingboðun**  
Rætt var um boðun á 61. Frjálsíþróttaping. Fjöldatölur úr ársskýrslu ÍSí og Felix fyrir árið 2017, virðast vart vera á byggjandi, en annað ekki í boði. Þetta setur alla hreyfinguna í uppnám og álag á sambandsaðila sem stjórn og skrifstofu FRÍ.

*Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19:20.*

*Ritun fundargerðar: Helga Guðný Elíasdóttir*